

Steinunn Kristjánsdóttir

Kirkja og kirkjugarður á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna sumarið 1998



Steinunn Kristjánsdóttir

Kirkja og kirkjugarður á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna sumarið 1998

Skýrslur Minjasafns Austurlands VII

© Steinunn Kristjánsdóttir 1999.
Skýrslur Minjasafns Austurlands VII.
Skýrslu þessa má eigi afrita með neinum hætti án leyfis höfundar
og Minjasafns Austurlands.
Forsíðumynd: Ein af stoðarholum stafkirkjunnar á Þórarinsstöðum. Á myndinni má sjá
Þórunni Hrund Óladóttur þjóðfræðing og Tryggva Má Ingvason landfræðinema.
ISBN 9979-9287-5-1.

Efnisyfirlit

Inngangssorð	5
Fundur kirkjugarðsins á Þórarinsstöðum	5
Fornleifauppgröftur á Þórarinsstöðum árið 1998	7
Kirkja	7
Grafir	9
Merkir gripir	12
Niðurstöður uppgrafrarins 1998	14
Stafkirkjur eða hof ?	14
Grafreitur úr heiðni eða kristni ?	15
Framhald rannsóknarinnar	16
Heimildaskrá	18
Fylgiskjöl	20
Kolefnisalðursgreiningar	21
Greining gjóskulaga	22
Viðargreining	29
Jarðlagaskrá	44
Munaskrá	45

Inngangsorð

Sumarið 1998 fór fram fornleifauppgöftur á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. Uppgröfturinn var liður í þriggja ára rannsóknarverkefni skýrsluhöfundar og Minjasafns Austurlands. Verkefnið ber yfirschriftina *Mörk heiðni og kristni* og miðar að því að rannsaka fyrstu trúarbragðaskipti Íslendinga. Efni rannsóknarinnar er að stærstum hluta sótt í fornleifar á Austurlandi sem talðar eru tengjast kristnitökutímanum eða iðkun heiðins síðar á landnáms- og söguöld. Fyrsta fornleifarannsókn verkefnisins fólst í uppgreftri á Geirsstöðum í Hróarstungu sumarið 1997 en þar var rannsókuð kirkja frá lokum 10. aldar.¹

Áætlað er að vinna við verkefnið standi yfir til ársins 2000. Unnið verður að fornleifarannsóknum vegna þess á sumrin en úrvinnsla þeirra gagna sem aflað verður mun fara fram á veturna. Síðasta ár verkefnisins verður eingöngu notað til heildarúrvinnslu gagna frá fornleifarannsóknunum. Þá verða niðurstöður jafnframt tengdar rannsóknum á sama viðfangsefni en innan annara faggreina, svo sem sagnfræði, guðfræði og þjóðfræði.

Síðastliðið sumar var byrjað á öðrum fornleifauppgreftri rannsóknarinnar, nú á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. Þar fundust leifar kirkju og kirkjugarðs árið 1938. Þórarinsstaðir þóttu einkum áhugaverðir sem rannsóknarstaður innan ramma rannsóknarverkefnis Minjasafnsins vegna þess að fundaraðstæður bentu til þess að hér væri um að ræða minjar frá móttunarárum kristinnar trúar á Íslandi. Munnmælasögur hermdu að þarna hefði staðið bænhús eða kirkja og samkvæmt málögum frá síðari hluta 14. aldar var kirkjan aflögð þegar máltaginn var skráður.²

Það er alltaf erfitt að vita áður en uppgöftur fer fram hvort rannsóknarstaðurinn leiði í ljós nýjar upplýsingar sem tengjast viðfangsefninu eða ekki. Venjulega þarf að gera forkönnun, t.d. í formi einfaldra könnunaraskurða, á staðum áður en uppgöftur hefst. Samt sem áður er alltaf tekin viss áhætta við staðarvalið því ef allt væri vitað um hann fyrirfram þá væri rannsókn óþörf.

Í tilfelli Þórarinsstaða í Seyðisfirði var treyst á lýsingu Sigurðar Magnússonar, fyrrum vinnumanns á Þórarinsstöðum sem uppgötvaði minjarnar þar á sínum tíma og skráði jafnóðum allt hjá sér sem fyrir augu bar. Greinargerð Sigurðar um kirkjuna og kirkjugarðsleifarnar á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði er einkar skýr og skilmerkileg, allar mælingar og lýsingar virðast hárréttar eins og um forkönnun væri að ræða.

Fundur kirkjugarðsins á Þórarinsstöðum

Kirkjugarðurinn á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði var uppgötvaður haustið 1938 þegar verið var að grafa fyrir súrheysgryfju til að geyma hey í yfir veturinn á bænum. Ákveðið var að gryfjan skyldi grafin á svokölluðu Hólatúni skammt innan við sbúðarhúsið á bænum.

Súrheysgryfjan sem Sigurður Magnússon gróf ásamt Birni Björnssyni vinnumann, var 3,5 metrar í þvermál og dýpt hennar um það bil 2 metrar. Fljóttlega eftir að þeir Sigurður og Björn hófu gröftinn kom í ljós veggur úr nokkrum stórum steinum, sem lá yfir gryfjuna þvera frá austri til vesturs. Skömmu síðar fundu þeir beinagrind af manni rétt utan við vegginn, aðeins 70 cm undir yfirborðinu. Beinagrindin var heilleg og mældist 1,69 cm á lengd.³

¹ Steinunn Kristjánssdóttir 1997:70-81, 1998a.

² Íslenskt fornþréfásafn III 1896:223.

³ Sigurður Magnússon 1992:36.



Mynd 1. Þórarinsstaðir er nú í eyði. Hann stóð í sunnanverðum Seyðisfjörði, um 10 kílómetra utan við nýverandi kauptún í firðinum. Bærinn er merktur inn á kortið með krossi.

Sigurður ákvað þegar í stað að hætta greftri og tilkynnti sýslumannni, Hjálmarí Vilhjálmssyni, um fundinn sem síðan kom tilkynningunni áfram til Matthíasar Þórðarsonar þjóðminjavarnar. Ekki reyndist unnt að rannsaka staðinn þá með fornleifarannsókn. Vegna þess að vetrarforði skepnanna á bænum lá undir skemmdum var ákveðið að ljúka við gerð súrheysgryfjuna þrátt fyrir fund minjanna.⁴

Greftrinum var því haldið áfram. Fljótlega var komið niður á um 0,50 meters þykkt urðarlag, sem Sigurður taldi vera gamalt aurhlaup. Undir urðarlaginu tók moldarlag við. Þar urðu þeir Sigurður og Björn varir við stóra steina sem var raðað upp í 1,20 metra langa lengju. Steinaröð þessi snéri austur vestur og hvarf inn undir vegg gryfjunnar.⁵ Vegna nákvæmra fyrimæla um hversu stór gryfjan átti að verða grófu þeir ekki út fyrir enda steinaraðarinnar.

⁴ Sigurður Magnússon 1992:36-37.

⁵ Sigurður Magnússon 1992:37.

Sigurður og Björn hreinsuðu því næst moldina af steinalengjunni og fjarlægðu svo steinana úr gryfjunni. Þegar þeir byrjuðu að bera steinana burtu varð þeim ljóst að steinarnar tilheyrdu gröf sem var hlaðin úr grjóti. Beinin sem lágu í steinkistunni voru frekar illa varðveitt og virtist Sigurði sem þau væru af hávöxnum manni. Steinkistuna fundu þeir á 1,30 m dýpi. Pessi gröf fannst sunnan við hlaðna vegginn sem Sigurður og Björn fundu fyrst eftir að þeir byrjuðu að grafa fyrir gryfjunni. Fyrnefnida gröfin lá aftur á móti norðan við vegginn, rétt undir grassverðinum.⁶

Sigurður og Björn héldu enn áfram við að grafa fyrir súrheysgryfjunni. Nú komu þeir niður á undarlega "holu" á 1,50 metra dýpi við suðvesturbarm gryfjunnar. Að sögn Sigurðar var hún nánast ferköntuð og mældist um 35 cm á hvern kant. Í holunni voru leifar einhvers sem Sigurður og Björn kunnu ekki skil á.⁷ Holan hefur að öllum líkendum verið ein af stoðarholum kirkjunnar sem síðan uppgötvaðist við uppgröftinn sumarið 1998.

Fornleifauppgröftur á Þórarinsstöðum árið 1998

Uppgröftur á Þórarinsstöðum hófst mánudaginn 16. júní og stóð yfir til föstudagsins 14. ágúst sumarið 1998. Veðrið var mjög slæmt nánast allan þennan tíma. Flesta daga var þoka og hitinn var yfirleitt milli 5 og 10 gráður á daginn. Nokkra daga fór þó hitinn yfir 20 stig. Sólardagar voru að sama skapi afskaplega fáir og tvisvar gránaði í fjöll á tímabilinu. Samt sem áður var unnið næstum alla virka daga sumarsins við uppgröftinn. Þá daga sem ekki var hægt að vera við útvinnu, var unnið við úrvinnslu og frágang gagna frá uppgröftinum á Minjasafni Austurlands á Egilsstöðum.

Það var mjög erfitt að átta sig á umfangi minjana, þar sem ekki mótaði fyrir þeim á yfirborðinu. Fyrsta daginn var 10 x 13 metra stórt ráhnsóknarsvæði opnað með gröfu norðan og vestan við sætheysgryfjuna sem gerð var árið 1938. Síðar um sumarið var svæðið stækkað um þrjá metra í austur.

Margt athyglisvert átti síðan eftir að koma fram á þeim svæðum sem opnuð voru. Um mitt sumar fundust leifar kirkjunnar og um leið varð ljóst að hún hafði verið reist úr timbri með niðurgröfnum hornstöfum.

Kirkja

Timburkirkjan á Þórarinsstöðum er sú fyrsta sinnar tegundar sem uppgötvast við fornleifauppgröft hérlandis en kirkjubygginga af þessari gerð er oft getið í rituðum heimildum. Slíkar kirkjur hafa fundist í öllum nágrannalöndum okkar, þ.e. á Bretlandseyjunum, Færeyjum, Grænlandi og í Skandinavísku löndunum.⁸ Þær eru venjulega kallaðar stafkirkjur en stundum stólpakirkjur ef stoðir þeirra hafa verið niðurgrafnar.

Það er ekki hægt að segja að það sé til nein einhlít gerð eða týpa af stafkirkjum, heldur hafa þær allar sitt séreinkenni.⁹ Það sem sameinar þessar timburbyggings miðalda er fyrst og fremst aðferðin sem notuð var við gerð þeirra. Stafkirkjurnar eru byggðar úr svokölluðu stafverki. Það samanstendur af stoðum, viðarflekkum á milli þeirra, aurstokks og syllum sem festa stafverkið saman. Stafverkið myndar þannig heilan vegg. Oft standa stoðirnar eingöngu í hornum bygginganna. Sumar stafkirkjur

⁶ Sigurður Magnússon 1992:38.

⁷ Sigurður Magnússon 1992:37.

⁸ Hörður Ágústsson 1984:66-70.

⁹ Christie 1981:139, 174, 205.

eru byggðar með nokkrum stoðum í hverjum útvegg og enn aðrar hafa stoðir einnig inni í miðju skipi. Stafverkið hvílir venjulega allt á flötum undirstöðusteinum, nema í elstu gerðum stafkirkna þar sem stoðirnar standa í djúpum stoðarholum.¹⁰

Stafverkið á sér langa sögu og flókna. Byggingaraðferðin er talin eiga uppruna sinn að rekja í gerð veraldlegra íveruhúsa í Evrópu þegar á steinöld. Íveruhús voru byggð með þessum hætti allt fram til síðmiðalda. Talið er að fyrstu kirkjur hafi verið reistar úr timbri með þessari aðferð vegna þeirrar einföldu ástæðu að stafverkstæknin var algengasta byggingaaðferðin á tímum kristnitoku í Mið- og Norður-Evrópu. Kirkjur af rómanskri gerð byggðar úr steini leystu síðan stafkirkjurnar af hólmi í nánast öllum löndum meginlands Evrópu á 12.- og 13. öld. Timburkirkjur hafa astur á móti verið reistar í Noregi allt fram á okkar daga.¹¹

Lítið hafði varðveisist af timbrinu sem kirkjan á Þórarinsstöðum var byggð úr. Þær leifar stafverks hennar sem varðveisist höfðu voru endar hornstoðanna. Aftur á móti mátti vel greina flötu steinana sem stafverkið hefur hvílt á, svo og stoðarholur hornstoðanna. Hluti timburgólfss hafði einnig varðveisist, auk þess sem mátti greina einstaka viðarleifar hér og þar um allan grunn kirkjunnar sem og utan við hana. Gólf kirkjunnar hefur verið hellulagt við innganginn en klætt með timbri í kór og miðskipi. Við innganginn fannst enn fremur stór dyrahella og tveir stoðarsteinar beggja vegna hennar. Á þeim hafa dyrastafirnir staðið. Þak kirkjunnar hefur líklega verið úr timbri en klætt með torfi.

Almennt er talið að íslenskar kirkjur hafi verið klæddar að utan með torfi og grjóti til einangrunar og verndunar gegn vatni og vindum. Stafverkið hefur þá staðið innanvert við hlaðna veggina.¹² Pannig var kirkjan á Þórarinsstöðum byggð. Utan við hina meintu langveggi hennar fundust fjórir stórir steinar í beinni röð, sem mynduðu þannig einfaldan skjólvegg. Steinarnir höfðu að hluta til verið klæddir með torfi. Skjólveggur þessi var ekki hár, u.p.b. 60 cm að meðaltali, enda ekki um hleðslu að ræða. Hann hefur því ekki náð hátt upp á timburveggi kirkjunnar, heldur hefur hann einungis einangrað neðri hluta þeirra.

Við sitt hvorn enda flötu steinanna, sem stafverkið hefur hvílt á, fundust tvær af stoðarholunum fjórum. Þriðja stoðarholan fannst fjórum metrum norðan við umræddan langvegg og tæpum metra í vestur frá súrheysgryfjunni. Stoðarholurnar voru djúpar, allt að 70 cm hver þeirra, með steinhellum í botni (forsíðumynd). Þvermál þeirrar stærstu var 70 cm. Sú minnsta mældist 60 cm í þvermál. Stoðarholurnar hafa verið þéttar með steinum sem hafði verið þrýst niður meðfram stoðunum. Því leit út sem að þær væru klæddar að innan með steinum. Í einni stoðarholunni fundust tvær tennur úr svíni.¹³


Lýsing Sigurðar kemur vel heim og saman við þær uppgötvunar sem gerðar voru við uppgröftinn á Þórarinsstöðum sumarið 1998. Svo virðist sem að nyrðri langveggur kirkjunnar, þ.e. skjólveggur og undirstöðustinar stafverksins, og fjórða stoðarholan hafi verið grafin burtu þegar súrheysgryfjan var gerð á sínum tíma. Skjólveggurinn sem Sigurður fann hafði stefnu frá austri til vesturs eins og sá sem fannst við fornleifauppgöftinn 1998. Þessir veggir hafa því greinilega verið samsíða og um fjórir metrar í milli þeirra. Við enda veggjarins fann Sigurður síðan hólfid sem líklega var fjórða stoðarholan.

¹⁰ Christie 1970:10, 1981:187-203; Hjörleifur Stefánsson 1997:26.

¹¹ Christie 1981:174.

¹² Margrét Hermanns-Auðardóttir 1995:6.

¹³ Samkvæmt greiningu Dr. Leif Jonsson ostologs við Gautaborgarháskóla.



Mynd 2. Grunnur timburkirkjunnar á Pórarinsstöðum. Teikningin er ekki fullgerð þar sem ekki hefur enn verið lokið við uppgröft á allri kirkjunni.

Aðalskip kirkjunnar hefur, samkvæmt því sem greint var frá hér að ofan, verið um 8 metra langt og 4 metra breitt að innanmáli en rannsókn á kirkjunni er enn ekki lokið svo heildarstærð hennar er enn óljós (mynd 2). Þenn er eftir að grafa upp hluta kórsins. Gerð hans mun væntanlega skýrast með áframhaldandi rannsóknum á staðnum.

Grafir

Samtals voru rannsakaðar fjórtán grafir við uppgröftinn á Pórarinsstöðum sumarið 1998 (mynd 2). Nú er vitað um fjórar grafir til viðbótar þessum fjórtán og verða þær kannaðar sumarið 1999 um leið og klárað verður að grafa kirkjuna upp. Minnt skal á að sumarið 1938 fundust tvær grafir. Samtala þekktra grafa við kirkjuna á Pórarinsstöðum er því 20 grafir.

Í eftirfarandi töflu er greint nánar frá grófunum sem fundust á Pórarinsstöðum sumarið 1999:


Nr.	Stærð	Bein	Tennur	Kista	Greiningar	Sérstök einkenni
1	1,95 x 50	x	17		Fullorðinn einstaklingur.	Kol. Lá á vinstri hlið með andlitið á móti suðri. Gröfin afmörkuð með smásteinum á köntum.
2	2,10 x 40	x	32	x	Fullorðinn einstaklingur.	Kol. Lá á vinstri hlið með andlitið á móti suðri.
3		x	30	x	Eldri kona (mature). Bein C14 aldursgr. AD 875-980.	Kol. Lá á vinstri hlið með andlitið á móti suðri.
4	1,80 x 38					Kolalag í botni. Gröfin vel afmörkuð á yfirborði.
5	1,80 x 36		20		Fullorðinn einstaklingur.	Kol. Eitt brennt dýrabein fannst í gröfinni.
6	1,32 x 30	x	20		Fullorðinn einstaklingur.	Kol í miklu magni. Lá á bakinu með bogin hné. Gröfin var þakin með steinheilum.
7	1,20 x 22-50				Kol greind sem brennd eik.	Mikið magn af kolum og eitt brennt dýrabein fannst í gröfinni. Ein stór steinhella í botni hennar.
8	Órannsökuð.					
9	1,62 x 44			x	Kol greind sem brennt birki. Fullorðinn einstaklingur.	Kol. Gröfin afmörkuð óreglulega með steinum.
10	2,05 x 30		20		Fullorðinn einstaklingur.	Kol. Tvær steinhellur lágu við höfuðlagið. Ein af stoðarholum kirkjunnar náði inn í gröfina.
11	1,20 x 60	x	30		Kol greind sem brennt lerki. Gamall einst.	Kol. Lá á bakinu með bein hné.
12	1,30 x 58	x	30		Fullorðinn einstaklingur.	Kol. Lá á bakinu með bogin hné.
13	1,84 x 30	x	20	x	Gamall einst. Bein C14 gr.: AD1045-1115.	Kol. Lá á bakinu með bein hné. Járnnaglar.
14	1,42 x 22	x	20	x	Gamall einstaklingur.	Kol. Lá á bakinu með beina fætur. Járnnaglar.

Grafirnar snéru allar í höfuðáttirnar austur/vestur eins og kirkjubyggingin sjálf. Þær fundust allt í kringum hana. Tvær grafanna lágu rétt utan við innganginn í hana, tvær aðrar nokkrum metrum í norðvestur frá henni. Hinar grafirnar lágu yfirleitt þétt við veggi kirkjunnar á allar hliðar. Vitað er um eina órannsakaða gröf í grunni kirkjunnar og önnur þeirra grafa sem fundust árið 1938 fannst innan við nyrðri langvegg hennar.

Varðveislusklílyrði eru yfirleitt slæm á Þórarinsstöðum og því var nánast ekkert eftir af beinagrindunum í gröfunum. Í mörgum þeirra fundust aðeins tennur einar leifa, sumar grafirnar voru tómar og í enn öðrum fundust bara kol en engin bein. Í nokkrum gröfunum fundust sæmilega heillegar beinagrindur sem hægt er að nota í aldurs- og mannfræðilegar greiningar en engin beinagrindanna er alveg heil. Kol fundust annars í öllum gröfunum fjórtán sem rannsakaðar voru sumarið 1999.

Varveisluskilyrðin fara mikið eftir jarðveginum sem grafið er í. Beinin geymast betur í þétti mold en grófum Steinblönduðum jarðvegi. Sumar grafirnar voru grafnar niður í jökulruðninginn sem gerði það að verkum að beinin varðveittust illa. Nokkrar beinagrindurnar fundust rétt undir yfirborðinu í moldakenndum jarðvegi. Þessar beinagrindur höfðu varðveist betur.

Reglur um töku grafa virðist ekki hafa verið fastmótaðar þegar kirkjugarðurinn á Þórarinsstöðum var í noktun. Þær voru misdjúpar og óreglulegar í lögum. Skýringin fyrir því hversu misjafnlega djúpt hinir látnu voru grafnir liggur sjálfsagt í því hvort frost var í jörðu eða ekki þegar viðkomandi gröf var tekin. Fundaraðstæður bentu jafnframt til að grafirnar hafi oft verið orpnar haugi. Fáar þeirra voru beinar og í sumum þeirra mátti greina leifar kista. Auk þess var greinilega reynt að hafa grafirnar sem minnstar. Minnstu grafirnar mældust rétt rúmir 20 cm á breidd þó þær væru allt að 2 m á lengd, enda kom fljótegla í ljós að hinir látnu höfðu í mörgum tilfellum verið jarðaðir liggjandi á hlið.



Mynd 3. Eldstæðið sem fannst í grafreitnum á Þórarinsstöðum. Teikning: Sófus Jóhannsson 1998.


Í kirkjugarðinum fannst einnig lítið eldstæði, byggt úr steinum af ýmsum stærðum og gerðum (mynd 3). Eldstæðið mældist 30×37 cm á stærð. Í botni þess var steinhella og mikið magn af kolum, sem reyndust við greiningu vera blanda af brenndu birkí og víði. Sýni var tekið af birkikolunum og þau send til kolefnisaldurgreiningar í Þrándheimi. Niðurstöður greiningarinnar sýndu að kolin voru brennd einhverntíma á tímabilinu AD 965-1015.¹⁴

¹⁴ Leiðréttur aldur, 1 sigma. Bráðabrigðaniðurstaða.

Ennfremur fundust brennd dýrabein, aðallega af sauðfé, á víð og dreif um allan kirkjugarðinn. Dýrabein voru greind af Dr. Leif Jonson, osteolog við Gautaborgarháskóla. Mannabein voru aftur á móti greind af Guðnýju Zoëga minjaværði Austurlands.

Merkir gripir

Við uppgröftinn á Þórarinsstöðum sumarið 1998 fundust merkast gripa ein sörvistala, tvö met og einn steinkross.¹⁵ Sörvistölur voru bornar um hálsinn, yfirleitt í ullarbandi. Þær voru algengt skart bæði meðal karla og kvenna á víkingaöld.¹⁶ Venjulega voru sörvistölur víkingaaldar gerðar úr rafi¹⁷ eða gleri en sörvistalan sem fannst á Þórarinsstöðum er úr steini. Fáar sörvistölur úr steini hafa fundist hér á landi. Þær voru sennilega sjaldgæfar, trúlega vegna þess að þær þóttu ódýr söluvarningur miðað við sörvistölur úr rafi og gleri sem mikið var verslað með á víkingaöld.¹⁸



Mynd 4. Blýmetið sem fannst í gólfí kirkjunnar á Þórarinsstöðum. Teikning: Steinunn Kristjánsdóttir 1998.

Metin tvö eru úr sitt hvorri málmtengundinni. Annað þeirra er úr bronsi en hitt úr blíyi. Til forna var vegið með metum á vogarskánum og miðaðist þyngd metanna við staðlað vogarmál norrænnar manna á víkingaöld. Sambærileg met, þeim er fundust á Þórarinsstöðum, hafa fundist í öllum nágrannalöndum okkar við N-Atlantshafið.

Blýmetið er mjög merkilegur gripur að því leyti að á tveimur hliðum þess eru tákni (mynd 4). Táknin á metinu ættu að geta sagt til um aldur þess en eins mögulega virði þyngdar þess. En svo virðist sem að táknið, sem prýðir umrætt met, sé óþekkt í Skandinavíu. Þarna gæti verið um sérislensk tákn sé að ræða. Kúlulaga lögun metsins bendir þó eindregið til þess að það hafi verið framleitt á víkingaöld.¹⁹

Algengt er að finna met meðal haugfjár í heiðnum gröfum. Þau eru því venjulega talin vera frá víkningaöld. Sem dæmi má nefna að sá heygði, sem fannst í kumlinu í Skriðdal haustið 1995, bar pyngju um mittið. Pyngjan innihélt fjögur met, enska mynt

¹⁵ Rétt er að geta þess hér að við uppgröftinn á Þórarinsstöðum fundust einnig margir gripir úr járni, sem allir voru það ryðgaðir að erfitt er að átta sig á lögun þeirra. Þessir járngrípir eru nú í forvörlu hjá Dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur prófessor við Háskólann í Oslo. Að forvörlu lokinni verður fyrst hægt að sjá um hvaða gripi er hér að ræða.

¹⁶ Kristján Eldjárn 1956:327.


¹⁷ Raf er trjákvoða.

¹⁸ Kristján Eldjárn 1956:329-330.

¹⁹ Unn Pedersen, doktorsgráðunemi við Oslóarháskóla, hefur gert ítarlegar rannsóknir á umræddu meti.

og eldtinnumola.²⁰ Áður en metin í Skriðalskumlinu fundust höfðu samtals 55 met fundist á Íslandi, ýmist í kumlum cða á stöðum sem tengjast verslun eða farmennsku.²¹ Nú urðu metin samtals 61 með fundi metanna á Þórarinsstöðum.

Sörvistalan og metin fundust í gólfí kirkjunnar á Þórarinsstöðum. Mörgum kann að þykja það undarlegt að þessir gripir skulu hafa fundist þar vegna þess að hér er um að ræða byggingu sem ætluð er trúarathöfnum. Það er þó tiltölulega algengt að finna slíka muni í kirkjum frá fyrri hluta miðalda. Talið er að kirkjubyggingar hafi almennt verið notaðar sem geymslur fyrir verslunarvarning á milli þess sem trúarlegar athafnir fóru fram þar.²² Líklega var það eins með kirkjuna á Þórarinsstöðum. Metin og sörvistalan benda ótvírætt til verslunar og viðskipta á staðnum eftir að kirkjan var reist þar, sem skýrir tilkomu gripanna í gólfí hennar.



Mynd 5. Krossinn sem fannst á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði stóð á undirstöðu úr torfi og grjóti við norðurhlíð stafkirkjunar. Hann er 45 cm hárr, höggvinn í móberg.

Steinkrossinn sem fannst við uppröftinn er trúlega einn elsti tilhöggni krossinn sem fundist hefur hingað til hér á landi. Hann er höggvinn í móberg og er um 45 cm hárr. Krossinn hefur staðið norðan við nyrðri langvegg stafkirkjunnar, á undirstöðu úr torfi og grjóti. Hann er jafnarma og nokkuð óreglulegur í lögum eins og títt virðist hafa verið með krossa sem eru tímasettir til mótnarára kristinnar trúar í Norður-Evrópu.

Víða í Skandinavíu hafa fundist steinkrossar frá fyrstu árum kristni við fornleifarannsóknir. Flestir krossanna hafa fundist við kristna grafreiti. Þessir grafreitir hafa það sameiginlegt að hafa í fyrstunni verið notaðir í heiðnum sið og þeim síðar breytt í kirkjugarða. Margir fræðimenn telja skýringuna á þessu liggja í því að þegar

²⁰ Steinunn Kristjánsdóttir 1998b:4.

²¹ Margrét Hermanns-Auðardóttir 1995:4.

²² Margrét Hermanns-Auðardóttir 1995:6.

heiðnir menn tóku kristna trú reyndu þeir að kristna látna forfeður sína með því að koma fyrir kristnum táknum á gröfum þeirra.²³

Steinkrossar hafa tvívar áður fundist við uppgröft á Íslandi. Í báðum þessum tilfellum er um brot af krossum að ræða en krossinn frá Þórarinsstöðum var aftur á móti heill. Annað þeirra brota, sem áður hafa fundist héldis, er hluti af armi úr írskum krossi en það fannst við uppgröft á kirkju á Stöng í Þjórsárdal.²⁴ Hitt brotið fannst við uppgröft á klausturrústunum í Viðey á Kollafirði. Stangarkrossinn er líklega frá síðari hluta 10. aldar en aldur Viðeyjarkrossins er óviss.

Niðurstöður uppgrafrarins 1998

Flötu steinarnir, sem stafverk kirkjunnar á Þórarinsstöðum hefur hvílt á, svo og stoðarholurnar þjár vitna óyggjandi til um að kirkjan hafi verið byggð í hinum þekkta stafverksstíl. Viðargreiningin, sem gerð var á timburleifum sem fundust í kirkjugrunninum, sýndi einnig fram á að kirkjan var byggð úr rekaviði. Hún var reist úr tvenns konar viðartegundum, lerki og furu, sem bendir til þess að efniviði í hana hafi verið safnað saman af fjörum Seyðisfjarðar þar sem mikið rekur af þessum viðartegundum.

Niðurstöður kolefnisaldursgreininganna benda til þess að jarðsett hafi verið á Þórarinsstöðum bæði fyrir og eftir kristnitöku. Mannabein úr gröfum 3 og 13 voru greind til AD 875-980 og AD 1005-1220.²⁵ Birkikol, sem fundust í eldstæðinu, voru greind til AD 965-1015.²⁶

Stafkirkjur eða hof ?

EKKI hefur reynst unnt að aldursgreina kirkjubygginguna sjálfa með hefðbundnum aldursgreiningaraðferðum, s.s. C14 eða trjáhringatalningu, vegna þess að hún var eins og áður sagði byggð úr rekaviði. Því verður að leita til formgerðarfraðinnar í þessu tilliti, sem sýnir að sambærilegar kirkjur voru reistar í Skandinavíu fyrst um miðja 11. öld.²⁷ Þetta á jafnt við öll Skandináviku löndin, þó kristnin hafi ekki verið lögtekin á sama tíma í öllum löndunum þremur. Hornstoðir stafkirkna voru ýmist grafnar í jörðu eða látnar standa á flötum stoðarsteinum í gólf. Talið er að stoðarsteinar hafi leyst niðurgrafnar stoðarholur af hólmi er leið á 11. öld.²⁸ Hornstoðir kirkjunnar á Þórarinsstöðum voru grafnar niður í djúpar stoðarholur eins og gert var á 10. öld við byggingu elstu timburkirkja norðurlanda.

Kirkjur og sú sem fannst á Þórarinsstöðum hafa fundist mjög víða við fornleifarannsóknir í suðurhluta Skandinavíu. Sem dæmi má nefna hafa slíkar kirkjur fundist í Lisbjerg í Danmörku²⁹, Eskilstuna í Svíþjóð, á Mæri og í Kaupangi í Noregi³⁰. Grunnar þessara kirkna hafa allir fundist við fornleifarannsóknir í gólfí uppistandandi staf- eða steinkirkna.³¹

²³ Birkeli 1973; Fuglestvedt og Hernes 1996:145-147; Skre 1998:9.

²⁴ Vilhjálmur Órn Vilhjálmsson 1996:133.

²⁵ 1 sigma, leiðréttur aldur. Beta-125589 og 125007.

²⁶ 1 sigma, leiðréttur aldur.

²⁷ Christie 1981:174; Skre 1995:215 .

²⁸ Christie 1970:12, 1981:174.

²⁹ Jeppesen och Madsen 1997:155.

³⁰ Bergner 1987:17-25.

³¹ Christie 1981:174.

Engin stafkirkja með niðurgröfnum hornstöfum er til varðveitt á Norðurlöndum. Þær stafkirkjur sem enn standa uppi, s.s. Urnes kirkja í Noregi, eru ekki byggðar með niðurgröfnum hornstöfum. Þær eru því sagðar tilhcyra annari kynslóð stafkirkna en þær með niðurgröfnu hornstoðnum þeirri fyrstu.³² Byggingarlag stafkirkna af fyrstu kynslóð því umdeilt. Sumir telja jafnvel að þær byggingar sem fundist hafa í grunnum staf- eða steinkirkna og hafa niðurgrafna hornstafi, séu ekki leifar elstu kirkna á viðkomandi stöðum heldur séu þær leifar hofa úr heiðnum síð.³³

Reikna má með að hætt hafi verið að láta hornstoðir stafkirkna standa í stoðarholum vegna þess hve auðveldlega stoðirnar rotnuðu á þann hátt. Á Þórarinsstöðum var þó greinilega reynt að koma í veg fyrir að stoðirnar rotnuðu með að svíða þann enda þeirra er stóð ofan í jörðinni. Í tveimur stoðarholunum fundust leifar af brenndum viðarleifum en í einni stoðarholunni var viðurinn óbrenndur.

Grafreitur úr heiðni eða kristni ?

Erfitt er að fullyrða um hvort grafreiturinn á Þórarinsstöðum hafi verið notaður sem kristinn kirkjugarður allt frá upphafi, og einnig þá áður en kristnin var lögtein á Íslandi, eða ekki. Þeir grafsiðir sem tíðkuðust á Þórarinsstöðum gætu ennfremur bent til þess að íslensk frumkristni hafi ekki greint sig mikið frá heiðnum grafsiðum, nema ef vera skyldi að umræddur grafreitur hafi í fyrstunni verið notaður í heiðni og síðar í kristni.

Það hlýtur að teljast afar sérstakt að sumir þeirra sem jarðaðir voru á Þórarinsstöðum voru lagðir í gröf sína liggjandi á hlið með beina fætur eða á bakinu með bogna fætur. Fyrnefnda grafstellingin hefur aðeins fundist tvívar áður við fornleifarannsóknir hér á landi, í annað skiptið í kumli hjá bænum Smyrlabergi í Torfulækjarhreppi³⁴ og í hitt skiptið í kirkjugarðinum á Skeljastöðum í Þjórsárdal³⁵ sem talinn er vera frá fyrstu árum kristni hérlandis eins og kirkjugarðurinn á Þórarinsstöðum. Síðarnefnda grafstellingin er eingöngu talin hafa tíðkast í heiðnum síð.

Fleiri atriði komu í ljós við rannsóknina á Þórarinsstöðum sem sýndu fram á blöndun heiðinna og kristinna trúarháttu. Til dæmis má nefna að í öllum gröfunum þar fannst mikið magn af kolum. Sá síður tíðkaðist nánast eingöngu í heiðni og er talinn tilheyra grafsiðum þess tíma.³⁶ Þó kemur fyrir að kol finnist í kristnum gröfum en þá er aðeins um að ræða einstaka kolbita, sem taldir eru hafa verið notaðir til að eyða nálykt.³⁷

Í kirkjugarðinum á Þórarinsstöðum fannst eins og áður sagði lítið eldstæði með miklu magni af kolum í. Eldstæðið fannst sunnan við syðri langvegg kirkjunnar og skammt frá þemur gröfum. Greining á kolunum sýndi að þarna hafði aðallega verið brennt birki og víðir. Athygli vakti einnig að ein þeirra grafa sem lá nálægt eldstæðinu innihélt einnig brennt birki. Því má geta sér til um að þarna hafi kol verið brennd til að strá síðan í grafirnar. Í Skandinavíu eru til dæmi þess að bál hafi verið kveikt á grafstæðum við útfarir í heiðnum sið. Einnig getur vel verið að eldstæðið hafi verið notað við byggingu kirkjunnar, til dæmis þegar endar hornstoðanna voru sviðnir til varnar gegn fúa.

Steinkistan sem Sigurður lýsir í greinargerð sinni er ennfremur afar sérstök. Steinkistur hafa aldrei áður fundist í kristnum kirkjugörðum miðalda á Íslandi, að

³² Christie 1981:213.

³³ Lidén 1969:20; Gräslund 1992:131.

³⁴ Kristján Eldjárn 1956:98 ff

³⁵ Matthías Þórðarson 1943:136.

³⁶ Bjarni F. Einarsson 1998:29.

³⁷ Mjöll Snæsdóttir 1988:19.

undanskilinni steinkistu Páls biskups Jónssonar sem var jarðsettur snemma á 13. öld í kirkjugarði dómkirkjunnar í Skálholti. Kista Páls biskups var höggvin í Stein en ekki hlaðin úr grjóti eins og sú sem fannst á Þórarinsstöðum haustið 1938.³⁸ Hlaðnar steinkistur, eða steinþrær, hafa aftur á móti þvisvar sinnum fundist í heiðnum gröfum hér á landi.³⁹

Áttahorf grafreitsins og kirkjunnar á Þórarinsstöðum gæti bent til iðkunar kristins síðar á staðnum. Beinagrindur þær sem fundust í gröfunum lágu einnig með höfuðið í vestur, samkvæmt reglum kristinnar trúar. Hinir látnu áttu nefnilega að rísa á móti austri, þaðan sem ljósið átti uppruna sinn í gegnum Jesú Krist.⁴⁰

Annað atriði ber að athuga í þessu sambandi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að kuml úr heiðnum sið á Íslandi geta haft öll möguleg áttahorf.⁴¹ Hinum heiðnu virðist hafa verið ætlað að rísa á móti opnu hafi, því flest íslensku kumlin liggja eins og firðirnir, dalirnir eða fjöllin. Staðsetning kumla virðist því ekki ráðast af áttahorfinu heldur af landslaginu umhverfis viðkomandi kuml. Grafreiturinn á Þórarinsstöðum liggur í sömu stefnu og fjörðurinn sjálfur, í austur-vestur. Þeir sem þar liggja geta hafa átt að rísa upp á móti hafinu samkvæmt heiðnum sið, jafnvel sem á móti ljósi krists í austri að kristnum sið.

Rétt er að minna á það að rannsóknum á Þórarinsstöðum er ekki lokið. Skýrsluhöfundur telur þó líklegt, sé tekið mið af þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir, að jarðsett hafi verið að heiðnum sið fyrst á staðum. Við lögtöku kristinnar trúar um 1000 var síðan reistur kross á grafreitnum sem tákni um meðtöku hennar og þá fyrst jarðað þar að kristnum sið. Nokkru eftir það hefur kirkja verið reist í grafreitnum miðjum og honum þar með endanlega breytt í kirkjugarð.

Þróunin getur hafa verið í stuttu máli á þessa leið:

- 10. öld. Grefrun á sér stað í afmörkuðum reit að heiðnum sið, skammt utan við íveruhús Þórarinsstaða.
- Um 1000. Kristnitaka Íslendinga. Heiðnum grafreit á Þórarinsstöðum breytt í kristinn heimagrafreit. Kross reistur þar til merkis um meðtöku kristinnar trúar.
- 11. öld. Kirkja reist úr timbri í grafreitnum.
- Grefrun haldið áfram á staðnum, þar til kirkjan er lögð af trúlega snemma á 13. öld.

Framhald rannsóknarinnar

Í skýrslu þessari eru niðurstöður uppgraftarins á Þórarinsstöðum sumarið 1998 tíundaðar. Ekki tókst í þessum fyrsta áfanga uppgraftarins að ljúka við rannsókn á kór kirkjunnar og enn er eftir að rannsaka nokkrar grafir sem liggja norðan og austan við hana. Uppgreftinum á Þórarinsstöðum verður því framhaldið sumarið 1999. Nú þegar hefur þó margt athyglisvert komið í ljós sem líklega mun fylla stórar eyður í sögu kristnitökuferlisins á Íslandi þó úrvinnsla gagna frá uppgreftinum sé mjög stutt á veg komin.

Það er Rannsóknarráð Íslands sem styrkir rannsókn Minjasafnsins með fjárfamlögum en rannsóknin er einnig rekin með mótfamlagi frá Rafaéldeild Evrópusambandsins. Mótframlag Evrópusambandsins er aðallega veitt í formi

³⁸ Jón Steffensen 1975:138.

³⁹ Kristján Eldjárn 1956:210.

⁴⁰ Nilsson 1994:48.

⁴¹ Kristján Eldjárn 1956:221 f.

vinnukrafts frá aðildarlöndum verkefnisins. Sumarið 1998 unnu þrír breskir og tveir ítalskir fornleifafræðingar við rannsóknina, auk fjögurra íslenskra fræðimanna.

Íslensku fræðimennirnir, sem ráðnir voru til rannsóknarinnar, voru eftirfarandi auk greinarhöfundar; Þórunn Hrund Óladóttir þjóðfræðingur, Sófus Jóhannsson sagnfræðingur, Margrét Gylfadóttir fornleifafræðingur og Tryggvi Már Ingvarsson landafræði- og sagnfræðinemi. Þeir sem komu erlendis frá voru Martin O'Hare, Barbara Rotundo og Silvia Panti, auk fornleifafræðinemanna Juliu Knight og Gareth Hatton.

Jafnframt barst okkur liðsauki í styttri eða lengri tíma af og til allt uppgraftartímabilið. Þeir sem komu og hjálpuðu til við uppgröftinn voru Anna Lísa Guðmundsdóttir jarðfræðingur og deildarstíðori fornleifadeildar Árbæjarsafns, Sólveig Bergdal fornleifafræðingur, Jón Ingi Sigurbjörnsson sagnfræðingur, Oddný E. Magnúsdóttir þjóðfræðinemi og Matthias Mergl sem stundar doktorsnám í norrænum fræðum í Noregi.

Seyðisfjarðarbær styrkti einnig rannsóknina á Pórarinsstöðum með aðstoð af ýmsu tagi. Bærinn lánaði safninu íbúð fyrir starfsfólk rannsóknarinnar og jafnframt vinnuskúr, ljósavél og rafmagnsgirðingu. Bærinn greiddi einnig kostnað vegna gröfuvinnu Njarðar Guðmundssonar. Sólveig Sigurðardóttir og fjölskylda hennar útvegaði gröfurunum ýmis húsgögn og búsaðold í íbúðina á Seyðisfirði. Sólveig hjálpaði ennfremur til við uppgröftinn af og til.

Auk ofantalinna styrkti Oslóarháskóli og Gautaborgarháskóli rannsóknina með forvörlu og greiningum beina, allt framkvæmt verkefninu að kostnaðarlausu. Jafnframt styrkti Dr. Margrét Hermanns-Auðardóttir fornleifafræðingur rannsóknina með framlagi í formi greininga á kolefnisaldri sýna. Greiningarnar falla jafnframt undir verkefni hennar um byggð og tímalal í löndunum við Norður-Atlantshafið. Viðargreiningarnar voru framkvæmdar verkefninu að kostnaðarlausu af sænska efnafraðingnum Alf Bråthen og ítalska líffraðingnum Dr. Nicola Macchioni sem starfar hjá Istituto Per La Ricerca Sul Legno í Flórens. Guðný Zoëga minjavörður Austurlands greindi jafnframt hluta mannabeinanna sem fundust við uppgröftinn og gaf vinnuframlag sitt til verkefnisins.

Öllum þessum aðilum, svo og Jóhönnu Bergmann forstöðumanni Minjasafns Austurlands, eru hér með færðar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og veittan stuðning.

Heimildaskrá

Bergner, Barbro 1987: Hedniska kultplatser och kristna kyrkor i Storsjöbygden. *META* 87-4. Bls.12-33. Red. Mats Anglert m fl. Lund.

Birkeli, Fridjov 1973: *Norske steinkors i tidlig middelalder. Et bidrag til belysningen av overgangen fra norrøn religion til kristendom*. Skrifter utgitt av Det Norske Videnskaps-Akademiet Oslo II. Hist.-Filos. Klasse. Ny serie no. 10. Oslo.

Bjarni F. Einarsson 1998: Víkingaaldarbýlid Hólmur í Laxárdal. *Skaftellingur. Þættir úr Austur-Skaftafellssýslu*. 12. árgång. Bls. 9-57. Red. Sigurdur Björnsson. Höfn.

Christie, Håkon 1970: *Stavkirkene i bygningshistorisk sammenhæng*. Útg. Minningarsjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright. Þjóðminjasafn Íslands.

Christie, Håkon 1981: Stavkirkene – Arkitektur. *Norges kunsthistorie. Bind 1. Fra Oseberg till Borgund*. Bls. 139-253. Red. Knut Berg, Peter Anker, Per Palme, Stephan Tchudi-Madsen. Oslo.

Eldjárr, Kristján 1956: *Kuml og haugfé úr heidnum sið á Íslandi*. Dr. thesis. Köbenhavn.

Gräslund, Ann-Sofie 1992: Kultkontinuitet - myt eller verklighet. *Kontinuitet i kult och tro från vikingatid till medeltid*. Projektet Sveriges kristnande. Publikationer 1. Ed. Bertil Nilsson. Bls. 129-149. Uppsala.

Hjörleifur Stefánsson 1997: Íslenskar miðaldakirkjur. *Kirkja og kirkjuskruð*. Ritsjórar: Lilja Árnadóttir og Ketil Kiran. Bls. 25-41. Norsk Institutt for Kulturminneforskning-Þjóðminjasafn Íslands.

Hörður Ágústsson 1984: Kirkjur á Víðimýri. *Skagfirðingabók*. Bls. 21-96. Sérprent. Reykjavík.

Ingrid Fuglestvedt og Per Hernes 1996: Riteuell kommunikasjon i yngre jernalder. *Nordsjøen - Handel, religion og politikk*. Bls. 140-150. Karmøyseminariet 94/95.

Íslenskt fornbréfasafn III 1896. CCLXXL. 1397. Kaupmannahöfn.

Jeppesen, Jens and Madsen, H.J. 1997: Trækirke og stormandshal i Lisbjerg. *Kuml 1995-96*. Bls.149-172. Red. Hans Jorgen Madsen and Jesper Laursen. Århus.

Jón Steffensen 1975: *Menning og meinsemadir. Ritgerðasafn um mótuñarsögu íslenskrar þjóðar og baráttu hennar við hungur og sóttir*. Sögufélagið. Reykjavík.

Kristján Eldjárn 1956: *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*. Doktorsritgerð. Heimspekideild Háskóla Íslands.

Lidén, Hans-Emil 1969: From Pagan Sanctury to Christian Church. The excavation of Mære Church in Trøndelag. *Norwegian Archaeological Review*. Vol. 2. Bls. 3-32. Oslo.

Margrét Hermanns-Auðardóttir 1995: *Skýrsla til Rannsóknarráðs Íslands um fornleifarannsóknir að Gásum og víðar á Norðurlandi eystra*.

Matthías Þórðarson 1943: Skeljastaðir, Þjórsárdalur. *Forntida gårdar i Island*. Ritstjóri: Mårten Stenberger. Bls. 12-136 og 308-310. Kaupmannahöfn.

Mjöll Snæsdóttir 1988: Kirkjugarður að Stóruborg undir Eyjafjöllum. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1987*. Ritstjóri: Inga Lára Balvinsdóttir. Bls. 3-40. Egilsstaðan.

Nilssen, Bertil 1994: *Kvinnor, män och barn på medeltida begravningsplatser*. Projektet Sveriges kristnande. Publikationer 3. Uppsala.

Sigurður Magnússon 1992: Beinafundur á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. *Múlaping 19*. Byggðasögutímarit Austfirðinga, bls. 34-43. Ritstjóri: Árman Halldórsson. Egilsstaðir.

Sigurður Magnússon 1971: Beinafundur á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1970*, bls. 75-78. Ritstjóri: Kristján Eldjárn. Reykjavík.

Skre, Dagfinn 1995: Kirken for sognet, den tidligeste kirkeordningen i Norge. *Møtet mellom hedendom og kristendom i Norge*. Ed. Hans-Emil Lidén. Bls. 169-213. Oslo.

